Nr. 15 13. janúar 2009

# VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 1234/2008, um breytingu á reglugerð nr. 1101/2004, um markaðssetningu sæfiefna.**

1. gr.

Við reglugerðina bætast viðauki 1 og viðauki 2.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 13. janúar 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

# VIÐAUKI I

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu | Dagsetning skráningar | Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir[1] | Skráning gildir til | Sæfiefna-flokkur | Skilyrði fyrir markaðsleyfi[2] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | dífeþíalón | 3-[3-(4´-bróm[1,1´bífenýl]-4-ýl)-1,2,3,4-tetrahýdrónaft-1-ýl]-4-hýdroxý-2H-1-benzóþíópýran-2-ón<br><br>EB-nr.: ekki til<br>CAS-nr.: 104653-34-1 | 976 g/kg | 1. nóvember 2009 | 31. október 2011 | 31. október 2014 | 14 | (1) styrkur virka efnisins í sæfiefni skal ekki vera hærri en 0,0025% massahlutfall og aðeins skulu leyfðar beitur sem eru tilbúnar til notkunar<br>(2) sæfiefni skal innihalda óbeitarefni og þar sem við á, litarefni<br>(3) sæfiefni skal ekki nota sem sporaduft<br>(4) beinni og óbeinni áverkun á menn, dýr utan markhóps og á umhverfið skal haldið í lágmarki með því að beita öllum viðeigandi og tiltækum ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Til þeirra telst t.d. að takmarka notkun við fagfólk eingöngu, setja efri mörk á stærð pakkninga og mæla fyrir um þá skyldu að nota traustar gildrur |

[1] Þessi dagsetning á ekki við ef sæfiefnið inniheldur fleiri en eitt virkt efni, í því tilfelli gildir sú dagsetning sem tilgreind er fyrir það virka efni sem síðast er skráð í viðaukann og sem hefur lengstan frest.

[2] Nánari upplýsingar má fá í matsskýrslum (assessment reports) sem unnt er að nálgast á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm.

# VIÐAUKI II

| **Nr.** | **Almennt heiti** | **IUPAC-heiti Kenninúmer** | **Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu** | **Dagsetning skráningar** | **Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir[3]** | **Skráning gildir til** | **Sæfiefnaflokkur** | **Skilyrði fyrir markaðsleyfi[4]** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | koldíoxíð | koldíoxíð<br><br>EB-nr.: 204-696-9<br>CAS-nr.: 124-38-9 | 990 ml/l | 1. nóvember 2009 | 31. október 2011 | 31. október 2019 | 14 | aðeins til notkunar í gashylkjum tilbúnum til notkunar sem hluti af gildrubúnaði |

[3] Þessi dagsetning á ekki við ef sæfiefnið inniheldur fleiri en eitt virkt efni, í því tilfelli gildir sú dagsetning sem tilgreind er fyrir það virka efni sem síðast er skráð í viðaukann og sem hefur lengstan frest.

[4] Nánari upplýsingar má fá í matsskýrslum (assessment reports) sem unnt er að nálgast á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm.